



Viðtakandi: Allsherjar- og menntamálanefnd.
Sendandi: Forsætisráðuneytið.

Dagsetning 11. júní 2024
Málsnúmer FOR23120100
Tilgangur Til upplýsingar

Tilefni lagasetningar um breytingu á lögum um þjóðlendur og ákvörðun marka eignarlanda, þjóðlendna og afrétta, nr. 58/1998.

Svo sem fram kemur í greinargerð með *frumvarpi til laga um breytingu á lögum um þjóðlendur og ákvörðun marka eignarlanda, þjóðlendna og afrétta, nr. 58/1998 (starfslok óbyggðanefndar o.fl.)* er tilefni lagasetningarinnar að nú hillir undir að óbyggðanefnd ljúki sínu lögbundna verkefni. Nefndin hefur lokið umfjöllun um 15 af 17 skilgreindum svæðum sem hún hefur skipt landinu í. Málsmeðferð á þeim tveimur svæðum sem eftir standa er hafin og samkvæmt áætlun nefndarinnar mun hún ljúka málmeðferð á öðru þeirra (Austfjörðum) í sumar. Eftir stendur þá að klára málsmeðferð varðandi eyjar og sker og er áætlað að klára málsmeðferð á því svæði haustið 2025, sbr. gildandi fjármálaáætlun.

Í því ljósi er mikilvægt að mæla fyrir um starfslok nefndarinnar í lögum og ekki síður sérstakt úrræði vegna hugsanlegrar endurupptöku mála eftir að óbyggðanefnd hefur lokið störfum. Þá gefur reynslan af framkvæmd þjóðlendulaga undanfarin ár tilefni til að huga að öðrum ákvæðum laganna, svo sem um leyfisveitingarhlutverk ríkisins, umfang auglýsingaskyldu við tímabundna ráðstöfun lands og landsréttinda, samsetningu samstarfsnefndar um málefni þjóðlendna og ráðstöfun sveitarfélaga á tekjum sem til falla vegna leyfisveitingar sveitarfélaga í þjóðlendum.

Til viðbótar við þetta hefur Landsvirkjun staðið að undirbúningi að Búrfellslundi í á annan áratug í ljósi mikillar eftirspurnar eftir raforku en takmarkaðs framboðs. Þar sem land og landsréttindi í þjóðlendum eru takmörkuð gæði í eigu ríkisins og í ljósi sjónarmiða um jafnræði hefur það verið afstaða forsætisráðuneytisins að, að óbreyttum lögum, þurfi að auglýsa úthlutun slíkra takmarkaðra gæða í þjóðlendum.

Með vísan til sjónarmiða um ná fram sem hagstæðastri niðurstöðu fyrir ríkið og almannahagsmuni, m.a. með tilliti til sjálfbærni og þjóðhagslegrar hagkvæmni er í frumvarpinu mælt fyrir um heimild fyrir ráðherra til að mæla fyrir um umfang auglýsingaskyldu í reglugergerð. Verði frumvarpið að lögum verður þá hægt m.a., með breytingu á reglugerð um meðferð og nýtingu þjóðlendna, nr. 630/2023, að veita heimild til að reisa vindlundi í tengslum við aðra nýtingu vatnsafls í þjóðlendum sem fyrir er án auglýsingaskyldu.

Í ljósi framlagningu frumvarpsins á Alþingi hefur Landsvirkjun boðið út og hafið viðræður á grundvelli samningskaupa við framleiðendur á vindmyllum fyrir Búrfellslund. Að mati fyrirtækisins er það að hefja útboð með fyrirvara um leyfis- og skipulagsmál óhefðbundið ferli og telur fyrirtækið sig taka nokkra áhættu þrátt fyrir fyrirvara í útboðum. Stjórn fyrirtækisins telur hana hins vega viðunandi miðað við þá hagsmuni sem í húfi eru.

Fyrirtækið hefur upplýst ráðuneytið um að ef, að óbreyttum lögum, samningar nást ekki við forsætisráðuneytið muni virkjunarleyfi, sem væntanlegt er síðar í mánuðinum falla úr gildi. Þá er útboð á vindmyllum komið í uppnám sem gæti skaðað ímynd Landsvirkjunar og Íslands verulega til framtíðar, enda séu vindmylluframleiðendur enn að meta Ísland sem kost og gætu horfið frá þátttöku í verkefnum á Íslandi almennt. Þá myndi verkefnið jafnframt tefjast um einhver ár.

Búrfellslundur (120 MW) er það virkjunarverkefni hjá Landsvirkjun sem lengst er komið í undirbúningi og fyrst getur komið með nýja raforku inn á landskerfið, sem er áætlað að verði síðla árs 2026.